

Ífgeislar

Tímarit um lífsambönd við aðrar stjörnur

29. tbl. Nóv. 1980

Vel sé þeim, sem ekki eru vinir lyginnar, heldur sannleikans,

Helgi Pjeturss

Kvasarvetrarbrautir

(Sjá forsíðumynd)

Einhver erfiðustu viðfangsefni stjörnufræðinnar og jafnframt hin merkilegustu og áhugaverðstu, eru hinir svokölluðu kvasarar (Quasi Stellar Objects). Þeir voru fyrst uppgötvaðir um 1960, sem útvarps-uppsprettur og álitnir vera stjörnur innan okkar eigin vetrarbrautar. En eftir því sem rannsóknum miðaði áfram kom í ljós, að hér voru hlutir með óvænta og furðulega eiginleika.

Hér reyndist ekki vera um nálægar stjörnur að ræða heldur heilar vetrarbrautir, og það svo fjarlægar, suma hverjar, að þær eru fjarlægustu hlutir, sem sést hafa í ómælisvíddum geimsins.

Og birtumagn þeirra og önnur orkugeislan er svo gífurleg, að langt tekur fram öllu áður þekktu í þeim efnum.

Bjartasta kvasar-vetrarbraut frá okkur að sjá og ein hinna nálægustu er nefnd 3C273. Hún er sú kvasar-vetrarbraut, sem fyrst var uppgötvuð, og reynst hefur einna auðveldast að rannsaka af öllum kvasar-vetrarbrautum vegna „nálægðar“ hennar, en þó er fjarlægðin óskapleg, eða 2000 miljónir ljósára, en aðrar kvasar-vetrarbrautir hafa fundist út í allt að 12000 miljóna ljósára fjarlægð og eru langfjarlægustu efnishlutir hins þekkta heims.

Orkuútstreymi kvasar-vetrarbrautarinnar 3C273 og annarra hliðstæðra er um 1000 sinnum meira heldur en geislun hinna allra björtustu venjulegra vetrarbrauta t. d. þyrilvetrarbrauta eins og Andromeduhókunnar og okkar vetrarbrautar, sem er með þeim stærstu, þeirra tegunda. Pessi gífurlega orkuútgeislun er stjörnufræðingum með öllu óskiljanleg, og hafa þeir sett fram margar og ólíkar tilgátur til að reyna að skýra þessa ofurgeislun. Stór hluti af orkugeislan þeirra er á innrauðum bylgjulengdum.

Annað einkenni kvasar-vetrarbrauta er þó stjörnufræðingum enn meiri ráðgáta, en það eru útgeislunarbrigði sem sumar þessara fjarlægu vetrarbrauta sýna. Pessar birtubreytingar geta numið heilu birtustigi (magnitude). Hjá sumum kvösurum gerist þetta á einu ári en hjá öðrum á miklu skemmri tíma, jafnvel á einni viku. Vegna þessara snöggu breytinga á orkugeislun kvasaranna, gera margir stjörnufræðingar ráð fyrir, að þeir muni vera mjög litlir að þvermáli, t. d. eitt ljósár eða jafnvel ein ljósvika, en að álti annarra gæti sú smæð ekki staðist.

(Framhald á bls. 119).

„Guðirnir á Síriusi“

eftir K. O. Schmidt

„Heili hnattageimsins“

(Frambald úr 20. tbl., des. 1978).

„... man um eilífð heili hnattageimsins
hljóm hvers sálarstrengs í lífsins ríki“.

E. Ben.

Ekki veit ég nú hvort tíminn milli þess, sem frá var sagt í síðasta kafla, og þess sem nú skal greina, skipti dögum eða vikum. En hitt stóð alltaf skýrt fyrir mér, í hvaða röð sýnirnar hafði borið fyrir mig.

... Pegar ég var nú að nýju kominn þar sem ríkti hálfrökkur af fölhvítu skini dvergstjörnunnar Anú, varð ég þess var að Ljana stóð rétt hjá mér. Fannst mér sem hann vildi hughreysta mig, um leið og hann svaraði hinum leyndustu hugsunum mínum. En samtímis þessu var ég þó að rýna í ontóskópið og glöggva mig á stjörnumerkjum þeim, sem það sýndi.

,Eins og þú sérð, er jörð ykkar jafnt sem jörð okkar Magna og allar aðrar jarðir, sem þöglar renna skeið sitt um geiminn, varðveitt í skauti veralda-guðs. Einnig mennirnir standa — enda þótt það sé í fyrstu aðeins fáum þeirra ljóst — í sambandi við allt líf í alheimi. Hugsunum þeirra geislar út í fjarskann, og svör koma á móti, eins og þú hefur orðið var við og aðrir á undan þér.

Í alheimi getur ekki verið um neina einangrun að ræða.

Pegar loksins kemur að því að mennirnir komast á hið fyrsta stig alheimsvitundar, mun viðtökuhæfileiki þeirra vakna: þeir munu gera sér grein fyrir þeim gáfum sem þeim eru gefnar, og fyrir verkefnum sínum. Sambandið við aðra hnerti, sem þeir höfðu lengi naumast haft neinn grun um, verður þeim þá fyllilega ljóst og meðvitað . . .

... í slíkri framtíð munu mennirnir, engu síður en við Magnar, læra að gegna öllum þeim hugsanaöldum, viljastraumum og eðlisgeislunum, sem til þeirra berast, og tengja þá skyldum verum hvarvetna í alheimi.

Af því sem þér var nú síðast sýnt, varð þér ljóst, hvernig við svörum hugaráhrifum úr fjarlægum heimshverfum, rétt eins og maður svarar því, sem við hann er sagt. Með hinum geimhröðu lífgeislum veitist okkur hver sú vitneskja, sem við æskjum, um hverja aðra stjörnu, um gerð hennar, um ástand lífheildarinnar, um menningarstig, um hugsunarhátt, um þroskastig og þróunarstefnu íbúanna, og enn fremur það, að hve miklu leyti íbúarnir eru okkur andlega skyldir — hvað sem líður líkamsbyggingu þeirra — og um möguleika á því að efla þekkingarsamband við þá báðum til gagns“.

„Hvernig fer þessi skynjun fram?“ spurði ég í huganum, og undireins kom svar við því:

„Í huga okkar hljóma sífellt raddir utan úr víðum geimnum. Í meðvitund okkar leiftrar sífellt myndum úr ókunnum veröldum. Líftaug okkar tekur sífellt við skilaboðum úr fjarlægum lífheimum, en vakandi ábyrgðartilfinning gerir okkur undireins ljóst, hvernig bregðast skuli við þessum skeytum, þannig að hinum henti sem bezt ...“

... En þó svo að við rannsökum sálraent og líffræðilegt þróunarstig áður óþekktra vera, og leitumst með bróðurhug við að örva þá hæfileika og krafta, sem með þeim búa, og þó svo að við sækjum fram að og út fyrir sérhverja þá ótolulegu marksteina, sem takmarka þekkingu okkar hverju sinni, og til þess sem áður var ókannað, og þó svo að hver þrautin eða verkefnið annarri erfðari sé leyst, þá er þekking okkar og starf enn langt að baki þess, sem þú mundir nefna guðlegan almátt og alfullkomnum.

Enn á ný steypist yfir mig þessi tilfinning eftirsóknar eða þrár, gagnvart hinum stórkostlegustu hlutum, sem hugar-myndir Ljana opnuðu hugssjón minni og hin kyrrláta ósk míni var sú, að fá að vita meira um hlutverk Magna í alheimi, því að mér virtist þeir vera — þrátt fyrir varnaglann í ræðu Ljana — nokkurskonar gæzlumenn og örlagavaldaðar alheimis-ins.

... Eftir því sem ég helzt gat látið mér skiljast var sem guð veraldanna hefði valið heimsríki Magna til þess að

vera einskonar hugar- og viljamiðstöð alls lífs í alheimi: sem *heila hnattageimsins*, eða jafnvel hjarta hans.

Með dýpstu lotningu tók ég nú að líta á hvern einstakan Magna sem lifandi frumu í þessum alheims-heila. Þó var hver einstakur þeirra búinn sérstökum hæfileikum og fengið sérstakt hlutverk, sem með mikilli nákvæmni tengdist starfsemi annarra slíkra „heilafruma“. Ég sá heila- og viljageisla Sírusarbúa þjóta til ýmsra átta í alheimi, til þess að koma fram áformum og stýra rás viðburða á hinum ýmsu hnöttum.¹⁾

Í þessu sambandi vaknaði einnig í huga mér sú spurning, hversvegna Magnar hefðu þá ekki fyrir löngu tekið fram fyrir hendurnar á framferði Jarðarbúa, sem með eicingirni sinni og óumburðarlyndi, árásargirni og grimmdarlegum styrjöldum hafa skapað sér svo blóði drifna sögu . . .

Pað var sem Ljana brosti til mínn, og gaf hann mér í skyn, að ég skildi ekki nógu vel, hvers eðlis máttur þeirra Magna væri, og sú ábyrgð gagnvart alheimi, sem leiðir af hinu mikla valdi þeirra.

„Við erum engan veginn sá stjórnandi heili alheimsins, sem þú varst farinn að telja okkur vera, heldur viljugir þjónar hins Eilífa. Við meignum alls ekki að grípa fram í fyrir þróun lífrískja á öðrum hnöttum, meðan þau hin sömu hafa ekki á eigin rammleik náð þeim heimsþroska, sem gerir raunveruleg hugsambond og gagnkvæma hjálp milli hnatta mögulega.

¹⁾ Mörgum árum síðar, þegar ég var að rannsaka ýmis rit varðandi þessi mál, sem fengin reynsla knúði mig til að skyggast í, rakst ég á setningu eftir Immanuel Kant í bók hans „Náttúrusögu himinsins“ (Allgemeine Naturgeschichte und Theorie des Himmels), sem kom mér fyrir sjónir eins og hún væri bein hugsending frá Mögnum:

Kant lét þar í ljós þá skoðun, að „Sírius sé, í tólu þeirra stjarna, sem Vetrarbrautin myndast af, meginhnöttur og miðja alls hverfisins, sem allir aðrir hnettir tengast“. Pessari skoðun til stuðnings færði Kant fram ýmisleg rök. Að því er niðurskipan vetrarbrautarinnar varðaði, skjátlæðist Kant um þetta atriði, en í stjórnuliffræðilegum skilningi eru orð hans í samræmi við það, sem mér vitraðist.

Önnur setning, sem ég síðar fann, snart mig eins og rafmagnshögg, en það voru hin spámannlegu orð Hölderlins í „Hyperión“:

Pannig liðum við saman, Dfotíma og ég,
eins og farfuglar frá einn veraldar-vori til annars.
Yfir viðáttur Sólar- svæðisins
og þaðan að gullnum ströndum Síriusar
og að andheimsdölum Arktúrusar . . .“

Sérhvert lífríki verður að fara sína eigin leið til sjálfsþroska og til þess að gera sig að þeim veruleika sem því ber. Og þessa leið verður það að fara af *frjálsum vilja*. Einungis þegar nokkurri innri einingu er náð og almennt farið að vakna til vitundar um lífið í alheimi, getur orðið um að ræða það stjörnusamband við skyldar verur, sem leiðir til markvissrar þróunar upp á við . . .

. . . Að vísu getum við haft áhrif til hjálpar, yfir geimdjúpin, á þróun skyldra lífríkja, eftir að þau eru komin á það stig að gera sér grein fyrir stöðu sinni, sem hluta af lífinu í alheimi, en þó aðeins samkvæmt ósk þeirra sjálfra, og í lifandi anda gagnkvæmrar esflingar.

Einungis þar sem þessa er gætt, getur ósk þín orðið að veruleika.“

* * *

Ljana hefur sjálfsagt fundið, að enn skorti mikið á skilning minn á þessum efnum, því að í framhaldi af þessu reyndi hann að gera mér skiljanlegt, að það sem alltaf á nokkurn þátt í ákvörðun Magna, — en er okkur mönnum enn mjög hulið, — er það, sem hann nefndi „orsakaskilning í alheims-samhengi“, eða örlagaskyn:

„Hvenær sem við veitum viðtöku hugsendingum frá öðrum hnöttum, sjáum við fyrir örlagaskyn, hvernig kraftlínur verð-andinnar eins og tvöfaldast: Annarsvegar skynjum við lífverur og hluti, ástæður og tilhneigingar, eins og þær mundu af sjálfu sér þróast áfram, — hinsvegar hvernig þróunin *gæti orðið*, ef við yrðum við óskum þeirra, sem í hlut eiga, og tækjum að hafa áhrif þangað á einn eða annan hátt.

Skildu mig rétt: Samtímis því, sem við komum auga á ákveðinn möguleika til að veita hjálp, skynjar örlagaskyn okkar jafnframt hinar ýmsu leiðir, sem lífverurnar, hlutirnir og atburðirnir mundu fara annars. Pannig getum við virt fyrir okkur hina ýmsu möguleika og fyrirframskynjað hinar örlagaríku afleiðingar, og á grunni þessa valið þá leið, sem best svarar til vilja og viðleitni og þróunartilhneigingar þeirra, sem í hlut eiga, og þannig náð fram hinni beztu þróun, sem völ er á“.

Meðan hann var að segja mér þetta, mundi ég ósjálfrátt eftir ýmsum dæmum um það, sem á bernskuslóðum mínum í Norður-Pýzkalandi var nefnd „hin önnur sjón“ eða „sjötta

skilningarvit“ og þyddi það, að menn sæju eins og í dimmum spegli einhverja yfirvofandi hættu, eða þá að maður varð eins og hlutlaus þáttakandi í einhverju, sem í fjarska gerðist.

En undireins skynjaði ég ákveðið *Nei* við þessu frá Ljana.

„Það sem við sjáum, er ekki neitt daft endurskin þátttöku í hugsun og lífi annarra, heldur jafnast það á við beina vöku-sjón mannsins. Eins og þér sýnist, þegar þú gengur hratt í ákveðna átt, að fjarlægur hlutur færst þér nær, þannig sér orsakasjón okkar þá framtíð færast nær, sem — vegna þess hve allir þættir tilverunnar eru örlagabundnir saman — óhjákvæmilega mundi leiða af þessari eða annarri tilverkan af okkar hendi . . .

... En þessi örlagasjón okkar er takmörkuð. Þó getum við, ef okkur verður ljóst, að það sem til stefnir, sé gagnstætt eðli þeirra hluta, sem í hlut eiga, og gagnstætt þróunarlögmáli, gripið í taumana um leið og við beinum þessu á aðrar leiðir, þannig að betur gegni fyrir alla aðila.“

„En þá eruð þið Magnar að vissu leyti guðlegir örlaga-smiðir“, hugsaði ég.

„Einungis að vissu marki“, sagði Ljana. „Reglubundin lög-mál alheimsins getum við ekki brotið, né vikið okkur undan þeim. Við getum aðeins — um leið og við gætum fyllstu ábyrgðar okkur — haft áhrif á umbreytingar sem eru að gerast, þannig, að þær beinist heldur upp á við en hitt og allt verður slíkt að gerast í samræmi við alheimsáform verdalaviljans, að svo miklu leyti, sem við verðum hans áskynja.“

Petta er nú næsta stórkostlegt, hugsaði ég, ef Magnar geta skyggnzt í einstaka þætti ótölulegra orsakakeðja, sem renna fram í rás tímans og greint innra samband þeirra á milli, og tekið síðan á öllu þessu neti örlagaþráða til breytingar þannig, að verðandin taki þá stefnu, sem þeim virðist bezt henta. Pannig eruð þið Magnar — hugsaði ég — í samanburði við okkur menn vissulega *Guðir*.

„Engan veginn!“ svaraði Ljana mér jafnskjótt með hug-anum, „að minnsta kosti ekki í þeim skilningi, sem Jarðarmenn tala um ‘Guði’ sem almáttuga heimsstjórnendur. Við erum líkamsmyndir þess krafts, sem veröldin er af, en þó aðeins þjónar guðdómsins, hins mikla verundar, vakandi og viljug verkfæri hugar og lífs, og stöndum þannig hinum Eilífa nokkru nær en íbúar hnattar þíns, sem enn eru sér

litt meðvitandi um hið beina samband sitt við hið guðlega . . .

Samkvæmt hugsun okkar, vakandi og rökrétri, er allur sá alheimur, sem mennirnir ná til að skoða með tækjum sínum, hluti geysimikillar lifandi veru yfirheimsins, sem bylgjar krafti sínum um allar himnaleiðir. Þar er um að ræða dásemadir lífaflsins svo ríkulegar, að ykkur mönnunum er algerlega um megn að gera ykkur þær í hugarlund. Og þó er þessi vera aðeins *eitt* af ótölulegum ríkjum lífsins í hinu víðari yfirheimi, en stærð hans megna Satjar einir að mæla.

. . . En yfir hina víðari yfirheima spanna enn æðri heildir lífsins, og um þær segja sjálffir Satjar, að þeir viti ekki stærð þeirra . . .“

* *

Mér þótti vænt um það, að Ljana sneri sér aftur að þeim spurningum, sem vaknað höfðu í huga mér gagnvart hinu mikla valdi Magna — sjálfsagt til þess að forða mér frá miskilningi í því efni.

,Allt eftir því hverrar hjálpar er leitað hjá okkur — frá öðrum stjörnum — meignum við að auka fjarhrif viljaflsvæðis okkar, í samræmi við alheimsviljann sjálfan.

Viljinn er sá kraftur, sem mestu veldur um ásigkomulag og þróun allra heima. Hann er máttugri en þyngdar-krafturinn. Því að sá kraftur minnkar í hlutfalli við fjarlægðina, en áhrifa-afl viljans eykst með endurtekningu athafnar og hugsunar, og engin fjarlægð getur dregið úr mætti hans.

Jafnvel ljósgeislars sólarinnar verka til umbreytingar á efni nálægra reikistjarna og tungla þeirra. En því, sem ljósgeislarinnir megna aðeins á löngum tíma að umbreyta á yfirborði hnattarins, og í ríki lífsins með beinum eða óbeinum verkunum, koma hugsana- og viljageislars oft umsvifalaust til leiðar með einbeitingunni einni saman. Hugsana- og viljaáhrif eru hlutir, sem bíða þess að verða að efnislegum veruleika, en hlutir þeir og kringumstæður, sem fyrir liggja, eru hugsana- og viljaáhrif, sem hafa náð að líkamnast . . .

. . . Á leiðum „fjarvilja-verkunarinnar“ meignum við að koma til leiðar huglægum, sálrænum, eðlisfræðilegum og líf-fræðilegum umbreytingum á öðrum hnöttum engu síður en í næsta námunda okkar. Því að með viljaátaki tekst okkur að koma til leiðar þeim verkunum *frumkraftarins*, sem koma fram í því, sem þú ýmist nefnir ‘orku’ eða ‘efni’ . . .

... Frumskilyrði er þó sambandsþroski og tilfinning fyrir mikilleika alheimsins hjá þeim, sem viljandi leysir frumkraftinn úr læðingi. Því að um leið og hann losnar, tekur að gæta hugrænna og geðrænna krafta, sem orkað geta til eyðileggingar, nema sá guðlegi vilji, sem einnig er vakinn, nái yfirhöndinni og beini kraftinum til sköpunar og uppbyggingar eftir réttu áformi.

... Petta er lifandi kraftur, sem kveiktur er af báli alheimsviljans, og þegar sá kraftur vaknar í einum fyrir áhrif frá öðrum, verður hann honum að eigin vilja, og getur þannig orðið til að samstilla vilja og verk margra, sem þó eru sjálfstætt starfandi.

Máttugri en aðdráttaraflsvæði sólna og reikistjarna eru viljaafslsvæði sambandsnæmra lífvera, því að þær starfa í samræmi við alheimsviljann. Þau afslsvæði eru eins konar kristöllunarökull eða burðarstoðir þess veruleika, sem af þeim skapast. Þar með verður einnig að telja umsköpun efnisins, en efnid er í rauninni ekki annað en kristölluð hugarorka — svo að ég reyni að gera þér þetta nokkurnveginn skiljanlegt“.

Hvort skilningur minn hefur verið fullnægjandi veit ég ekki, því að skyndilega rofnaði sambandið, og um leið varð mér ljóst, að ég lá í rúmi mínu, í morgunbirtu rísendi dags.

(*Framhald*).

P. G. þýddi.

Erindi og greinar

FÖGUR SÝN — GEISLANDI VERA

Rökkurblæja síðsumars er að leggjast yfir. Allt er hljótt, blóm-in sem skartað hafa sínu fegursta, eru búin að missa litadýrðina. Fuglasöngurinn hljóðnaður, hugurinn blækryr, gott að slappa af. Á svona kvöldum nýt ég einveru og á margar dásamlegar stundir. Oft hugsa ég til þeirra, sem nota kvöldskugga og næturmyrkur til ódæðis og hryðjuverka. Og þess styrjaldaræðis, sem geisar um heim okkar jarðarbúa. Hvað dásamlegt það væri að geta orðið til þess að afstýra því sem miður fer á okkar jörð.

Eitt sinn er ég hafði setið í stofu minni og hugsað vítt og breitt, hverfur mér allt nema ég sé út í óravídd og fyrir framan mig sprettur upp stórt blómaker, með afarfagurri jurt og stóru útsprungnu blómi í toppinn og á bak við þetta sem ég hef lýst, stóð maður í skínandi klæðum, með geislabaug um höfuð og var baugurinn líkastur kórónu. Til beggja hliða við þetta stóð mannfjöldi. Allir lutu höfði í þögulli lotningu og bæn.

Meðan ég horfi á þetta, heyri ég sagt: „Ef allir tilbæðu hið fagra og góða, hyrfi öll hryðjuverk og það styrjaldaræði, sem nú ríkir.“ Svo varð allt eins og áður en mér birtist þessi sýn.

Sigrún Jónsdóttir frá Tungufelli.

SIGUR HINS GÓÐA

Þrátt fyrir hin óhugnanlegu umsvif helstefnunnar á þessari jörð, enda ekki að efa að þar verði hart skellt hurðum, er ég bjartsýnn á framgang hinna betri mála. Ég held að menn þekkingarinnar horfi nú í vaxandi mæli til stjarnanna og séu nú farnir að láta sér til hugar koma, að okkar stóri heimur sólkerfa og vetrarbrauta muni ef til vill allur morandi í lífi. Ég held að skriðan sé fallin og verði ekki stöðvuð, og vonandi verður það meira en míni óskhyggja, að í höndfarandi áratugur sýni það ljóslega.

Svo að endingu óska ég félagi Nýalssinna góðs árs og vaxandi velgengni, því hinn algjöri samhugur um hið góða og fullkomna er vafalítið þær einu dyr, sem hjálpin getur borist inn um.

Porbergur Jónsson.

Kvasarvetrarbrautir

(Sjá forsíðumynd)

(*Framhald af bls. 110.*)

Við jarðarbúar vitum enn of lítið um mátt lífsins, vitum ekki hvern þátt lífið á í hinni miklu alheimssmíð stjörnugeimsins. Og lærðum stjörnufræðingum mun naumast koma til hugar, að setja furður himingeimsins í samband við lífið. En þeir, sem kynnst hafa hinni merkilegu íslensku heimsskoðun um alsamband lífsins og mátt þess, gætu vel hugsað sér, að hinar stórkostlegustu furður geimsins sé einmitt að rekja til sköpunarmáttar alsamstilltra lífheilda annars staðar í geimi.

Mætti þá ekki láta sér til hugar koma, að hin mikla orkugeislun og þessar miklu og öruru breytingar á geislunarmagni kvasaranna sé að rekja til hins æðsta lífs? Og að þessar ofurbjörtu vetrarbrautir séu einmitt heimkynni þess.

Ingvar Agnarsson.

28. 9. 1980.

VEGUR PEKKINGARINNAR

Í Nýalsritgerðinni „Lífgeislan og magnan“ standa þessi eftirtektarverðu orð: „*Vegur pekkingarinnar er eini, alveg áreiðanlegi vegurinn til mannúðar.*“ Hvað skyldu nú þessi orð þýða? Með því að líta á setninguna eina sér gætu menn ef til vill verið í vafa; en ef lesið er það sem á undan fer og á eftir, er ekki um að villast. Auðvitað er ekki átt við það að einungis hálærðir menn geti verið øðfugir og kærleiksrískir. Allir vita að hví fer víðsfjarri. Þau hýða hinsvesar að sá sem hyggst verða leiðsögumaður meðbræðra sinna frá villu og torfærum verði síalfur að bekkia leiðina og kunna að sigrast á hindrunum. Einnig það að varasamt sé að fylgja kennisetningum án bess að revna að skilia gildi beirra eftir bestu getu og hafa vakandi auga með hví hverjar verði afleiðingar af vaxandi øengi heirra. Án bess hvors tveggja geti leiðsögnin mishevðnast og iafnvæl verr af stað farið en heima setið. Petta má glögglega síá af sögu trúarbraugðanna. Allar trúarstofnanir sem nú eru við kviði hvøggia kenningar sínar á boðskan mikilla snámannna og vitranamanna fyrri tíma. Boðskan sem að möroru levtti var fagur og óndur en uppskeran ekki að sama skanji hiá heim sem við tóku. Kristindómur er okkur nærtækast dæmi. Kristin kirkja hefir náð miðsterkum áhrifum hér á iðrðu og um marga aldir verið nær einráð í trúarlegum efnum meðal hvítra manna og hó náð vífðar. Samt sem aður hafa hinat kirkjuleou stofnanir eða trúin vfirleitt ekki örðið mannkvinu til beirra heilla sem vonir stóðu til í undhafi. meira að segja stundum orðið hví til tíons. „Oð heð er eftirtektarvert“ segir Helgi Pjeturss „að mestu trúmennirnir hafa eigi allsíoldan verið hinir mestu grimmdarsöggir.“ Allir vita að betta er rétt óa má í hví síá glöggt dæmi þess hvernig fagurri kenningu er snúið til andstæðu sinnar — miskunnarlevsi kemur í stað mannúðar. Boðskapur Meistarans frá Nazaret var fagur og göfuður, brunóinn mildi og kærleika. Hann segist ekki vera kominn til þess að niðurbrióta lögmálið heldur til þess að fullkomna það. Hvað þýða þessi orð? Áreiðanlega það eitt að kenning hans beinist ekki gegn ríkjandi trúarbrögðum heldur til þess að baeta hugarfar manna, fá bá til þess að ástunda fagurt lífern. mildi, umburðarlyndi, góðvild og jöfnuð. Í einu orði sagt: bræðralag allra manna. Og til stvrktar viðleitni sinni í heim efnum, áttu menn að leita sambands við

,föðurinn á himnum“ sem virðist hafa verið fylgi- og verndarvera Meistarans, án efa mjög háþróuð lífvera á fjarlægri jarðstjörnu. Jesús frá Nazaret boðaði því ekki ný trúarbrögð heldur bætt líf-erni. En almennt batnandi lífernir hlaut auðvitað smám saman að leiða til þess að ýmislegt það í trúarbrögðum Gyðinga (og öðrum skyldum) sem örvar til grimmдар og miskunnarleysis og annað sem augljóslega er byggt á vanþekkingu, yrði lagt til hliðar og geymt sem minjar um forna tið. Jafnframt var Meistarinn svo mikill lækningamiðill að sögur fara ekki af öðrum slíkum. Hann var með öðrum orðum svo mikill sambandsmaður, hafði svo náið og öflugt samband við fullkomnari lifendur annarra hnatta að hann gat gert stórkostleg kraftaverk þegar skilyrði voru sérlega hagstæð, þ. e. þegar hann hafði sér til fulltingis aflsvæði sem skapaðist af trausti lærisveina hans og fjölda annarra fylgismanna. Kraftaverkin voru einkum fólgin í undursamlegum lækningum: blindir fengu sýn, sjúkir risu upp alheilir. Því stærri sem styrktarhópurinn var því betur tókust lækningarnar, því sterri kraftaverk gat hann gert.

Kenningar Meistarans náðu ekki fram að ganga án misskilnings og brenglunar. Pekking samtímans á lögmálum náttúrunnar var of lítil til þess að slíkur boðskapur yrði rétt skilinn og gæti orðið mönnum örugg leiðsögn til fegurra lífs. Og skilningur hans sjálfss á því sambandi sem hann hafði við fullkomnari menn og jafnvel guði á öðrum lífsstöðvum alheimsins, var heldur ekki nógu glöggur til þess að örugg vitneskja um þetta kæmist rétt til skila. Engu að síður hefði bessi fagnaðarboðskapur getað orðið mjög til þess að milda hugarfar manna og bæta lífernir þeirra, hefði hann verið réttar skilinn og boðaður af fullum heilindum. Og með því hefði mannkyninu að öllum líkindum tekist fyrr en ella að rata af þeim helvegi sem bað hefir troðið allar aldir síðan og ekki komist af honum enn. En boðskapurinn var misskilinn af þeim sem fyrstir kunngerðu hann og þó enn frekar af þeim sem síðar tóku við, rangsnúinn og aukinn ýmsum skaðlegum kreddum og hindurvitnum. Hann kom því ekki að verulegu gagni þrátt fyrir viðleitni margra góðra og viturra manna á liðnum öldum.

Kenningin um að Jesús hafi verið eingetinn sonur almáttugs guðs og um leið einn þáttur hinnar þríeinu æðstu veru, er einn slíkur viðauki. Sonur guðs á að hafa verið sendur til jarðar til þess að frelsa mennina frá eilífri glötun, með því að þola af þeim pyntingar og líflát. Og samt er hæpið að menn verði hólpnir, nema til-tölulega fáir, samkvæmt kenningum kirkjunnar, og þá helst þeir

sem trúá bókstaflega og iðrast sárlegast illra verka fyrir andlátið. Hvernig hefði þá farið ef Meistarinn hefði ekki verið deyddur heldur lifað til elli og dáið eðlilegum dauða? Heilbrigð skynsemi segir að þá hefði að líkindum farið stórum betur; kreddutrúin segir hið gagnstæða. Allt er þetta svo mótsagnakennt og andstætt mannlegrí þekkingu og skynsemi að óþarf er að eyða að því mörgum orðum. Heilbrigð skynsemi segir að einmitt fyrir það að Meistarinn var venjulegur maður, búinn mannlegum eðlisþáttum og háður umhverfi sínu og samtíð, geti hann verið öðrum mönnum til fyrirmyndar í daglegu lífernri og viðhorfi til samfylgdarmanna — að þannig eigi allir að geta orðið og meira að segja komist feti framær með aukinni þekkingu og bættum aðstæðum.

Nítián oldum eftir að Meistarinn frá Nazaret boðaði mönnum fagnaðarerindi sitt, flytur mikill vitsnillingur og ví sindamaður jarðarbúum, og bó fyrst og fremst löndum sínum, nýjan boðskap um örniða leið til friðar, farsældar og síaukins þroska. Pessi maður heitir Helgi Pieturss og boðskapur hans heitir Nýall. Og höfundur Nýals segir að án þess að gera sér grein fyrir hinu altæka sambands-eðli lífs og heims, án þess að vita að á óteljandi jarðstjörnum alheimsins séu góðar og máttugar verur reiðubúnar til hjálpar, og án þess að ná sambandi við þessa hiálpfusu vini, miklu fullkomnara sambandi en enn hefir átt sér stað. Þeti mannkyn þessarar jarðar ekki komist á örniða framfaraleið. Vissulega er kenning Nýals að þessu levти lík boðskap Meistarans frá Nazaret; og fleira er bar til eins og hað hversu báðir leggja mikla áherslu á nauðsvn góð-vildar og kærleika. „*Því að án kærleikans verður hinn æðsti sannleikur ekki fundinn,*“ segir Helgi Pieturss. En þó er sumt ólikt, einkum hvað þekkingarstigið snertir.

Prátt fyrir erfiða lífsbraut mannkynsins hefir þó miðað talsvert í þekkingarátt frá því á dögum Meistarans, bekkingarforði mannsins um Ílf og heim orðinn miklu meiri. Er bar mikil saga að baki og margir vitrir menn sem þar hafa að unnið við erfið skilyrði og ofsoknir sumir. Helgi Pieturss telur Giordanó Brúnó þar fremstan í flokki, enda skyggndist hann mjög til stjarnanna og uppgötvaði fyrstur manna, svo vitað sé, að allar stjörnur utan okkar sólkerfis sem sjást berum augum héðan af jörð, eru lýsandi sólir. Einnig hélt hann því fram að líf væri á óteljandi jarðstjörnum alheimsins. Fyrir kenningar sínar var hann brenndur á báli árið 1600, við hátiðlega athöfn kirkjuhöfðingja og veraldlegra valdsmanna.

A grundvelli hinnar samansöfnuðu þekkingar mannkynsins frá

liðnum öldum og árþúsundum, allt til okkar daga, eru kenningar Nýals byggðar sem stórkostlegur þekkingarauki. Gallinn er hins vegar sá að þessum mikilvægu fræðum hefir verið sáralítill gaumur gefinn, enn sem komið er, bæði hérlandis og þó enn minna erlendis. Þó hefir nokkuð miðað í rétta átt að undanfornu, að því leyti að vísindamenn margra landa, einkum í Austur-Evrópu, hafa lagt mikla og vaxandi áherslu á rannsóknir í ýmsum þeim greinum sem beint eða óbeint snerta kenningar Nýals. Ber þar hæst könnun á fjargeislunareðli alls lífs, manna, dýra og jurta. Komið hefir í ljós við svo margvíslegar og margendurteknar prófanir, að ekki verður í efa dregið, að maður getur sent manni meðvituð boð með hugarorkunni einni saman, þannig að fjarlægð eða efni eru þar engin hindrun, eða þá svo lítil að ekki verður þess vart. Sama hefir komið í ljós um dýr og jurtir, þó ekki sé líklegt að meðvituð boð fari þar á milli.

Enda þótt umræddum vísindamönnum sé að líkindum alveg ókunnugt um líffræðikenningar Helga Pjeturss og tengi þær því á engan hátt rannsóknum sínum í þessum efnum, virðist þó leyfilegt að álykta að þeir séu þarna komnir mjög nálægt vísindalegri staðfestingu á undirstöðulögðmáli Nýalsfræða: lögðmálinu um fjargeislun alls til allra, hvar sem er í alheimi, frá hinni smæstu efnisögn til hinnar æðstu veru. Öll lífsframvinda er, samkvæmt kenningum Helga Pjeturss, háð þessu lögðmáli. Á því byggist uppgötvun hans á eðli svefns og drauma og með þeirri uppgötvun kemur hinn svo afaríðandi skilningur á möguleikum og nauðsyn sambands okkar jarðarbúa við æðri mannkyn og guðakyn annarra jarðstjarna.

Í ritgerðinni „Hið mikla samband“ segir Helgi Pjeturss, eftir að hafa gert þessu máli glögg og ýtarleg skil : „*Framtíðin mun sanna það mál mitt, að áreiðanlegrí athugun í náttúrufræði, en þessi er, hefir aldrei verið gerð.*“ Vissulega er ástæða til að vona að þessi orð fari nú senn að rætast, en þó verður að viðurkennast að enn er skammt komið og miðar hægt í þá átt að opna augu almennings fyrir mikilvægi og bráðri nauðsyn á framgangi þessa máls. Enn stefnir illa á okkar jörð og háskinn framundan aldrei meiri en nú. Enn er svo ástatt að hinn bjargandi sannleikur hefir verið fundinn en ekki þeginn. Brýnasta verkefni næstu framtíðar er að vinna að því af öllum mætti að hann verði þeginn.

Sambandstilraunir Nýalssinna eru einn þáttur þess starfs og hann mjög mikilvægur. Tilgangurinn með þeim er sá að reyna að ná miklu skýrari og kraftmeiri samböndum við hjálpfusa vini á

öðrum hnöttum heldur en áður hafa náðst; svo að með því móti geti tekist að koma til okkar stórauknum fróðleik og leiðbeiningum sem til verulegs gagns geti orðið fyrir málstaðinn. Einnig væntum við þess að öðlast við betri sambönd aukinn þrótt og heilbrigði, sem jafnframt verði hægt að miðla til annarra. Og umfram allt viljum við stuðla að sem mestum framförum í sambandslækningum, lífgeislalækningum, því þar er þörfin brýnust og á það mál verður að leggja mesta áherslu fyrst um sinn.

Pegar þessum sambandsmálum verður komið í miklu betra horf en nú er, þá mun ekkert verða því til fyrirstöðu að árangur verði svo góður að kraftaverk, sem svo hafa verið kölluð, geti gerst á þeim vettvangi. Kraftaverk eru ekki lengur dularfull og óskýraneleg fyrirbrigði. Þau eru einfaldlega það að við sérstök skilyrði tekst að veita móttöku óvenjulega mikilli orku frá öflugum lífverum annarra jarðstjarna. Þessi sérstöku skilyrði hafa ætíð skapast við óvenjumikla samstillingu mikils fjölda, sterkan samhug, oftast blönduðum trúarlegri tilbeíðslu, til framgangs ákveðnu verkefni, t. d. lækningu sjúkra. Kraftaverk hafa gerst á öllum tínum, en vegna þess að menn skildu ekki eðli þeirra, vissu ekki hvaða afl var þar að verki og þá heldur ekki hvernig mátti höndla það á öruggan hátt, þá hafa slíkir atburðir ævinlega verið mjög sjaldgæfir og tilviljunarkenndir, eins og kallað er, og tilraunamennirnir stundum lent á refilstigum. En nú þegar vitað er um eðli kraftaverkanna, þegar menn vita með hvaða hætti þau gerast, þá þurfa þau ekki lengur að vera tilviljunarkennd og sjaldgæf. Og hið nauðsynlega undirstöðuatriði, hin öfluga og góðviljaða samstilling, skapast ekki lengur ómeðvitað og eins og fyrir tilviljun, heldur verður þar að unnð vitandi vits og af nægilegri þekkingu til þess að slíkt geti tekist stöðugt og án áfalla. Pegar svo vel væri komið mundu læknavísindi okkar hafa tekið þessa þekkingu í þjónustu sína og sérfróðir menn úr læknastétt stjórna slíkum tilraunum að mestu eða öllu leyti. Þar með væri hafið stórkostlegra framfaraskeið í læknavísindum en nokkurn tíma hefir orðið á okkar jörð.

Hér er vert að geta þeirra manna erlendra sem sýnt hafa nú um nokkur ár hæfileika í þá átt að ná valdi á aðsendri orku. Hafa slíkir menn oftlega sýnt getu sína í sjónvarpi og vakið mikla athygli. Einnig hefir verið ritað mikil um þá í fjöllesin blöð og tímarit og um þá samdar bækur. Hæfileikar þessara manna virðast beinast mest að því að beygja skeiðar og aðra smáhluti úr málmi, án snertingar. Ekki er ástæða til að ætla annað en að þessir menn

hafi náð einhverjum tökum á samkynja orku og kraftaverkamenn allra alda hafa ævinlega notfaert sér. Gildi slíkra sýninga liggar því í enn frekari staðfestingu á því sem áður er í ljós komið. Ennfremur og einkum þó í kynningu á þessum möguleika. En óneitanlega væri æskilegt að þessir merkilegu hæfileikar færu nú sem fyrst að nýtast til heillavænlegri verka en að beygla og brjóta borðbún-að. Hér er sú hætta auðsjáanlega á ferðum að góðir hæfileikar verði hagnýttir í þágu einhvers konar skemmtiðnaðar, til lítilsværðra sýningaratriða í gróðaskyni. Pannig vill oftast fara þegar nægilega þekkingu vantar og einlægan hug til þess að verða öðrum að liði; þá lenda menn í héggóma og villu. En ekki þarf þó svo að verða í þetta sinn. Slíkir hæfileikamenn og margir aðrir geta orðið að miklu liði í þeirri sókn til fegurra lífs sem óhjákvæmileg er í nánustu framtíð ef vel á að fara. En til þess að svo geti orðið þurfa þeir sem betur vita að láta miklu meir til sín taka en verið hefir. Þeir verða ekki aðeins að vita betur heldur einnig að vilja betur og geta sýnt að þeir hafi dug og þor til þess að ráða ferðinni og veita örugga leiðsögn.

Eins og áður var á minnst stefna kenningar Nýals ekki gegn trúarbrögðunum, heldur lengra fram. Ber að skilja þetta svo að trú og vísindi muni að lokum sættast? Það er nú einmitt það sem átt er við. Petta kemur víða fram í Nýalsbókum Helga Pjeturss, skýrt og ákveðið. Skal að lokum vitnað til orða hans á tveim stöðum þessu til sönnunar. Í ritgerðinni „Stjörnugarðfræði“ segir svo:

„ . . . Hræðsla prestsins á rót sína í misskilningi. Vísindin, þegar vísindi eru til fulls, munu ekki steypa honum af stóli, heldur fá honum ræðuefni miklu betra en áður. Sigur vísindanna mun leiða í ljós, að maðurinn á miklu stórkostlegri framtíð í vændum en kennit hefir verið í nokkrum trúarbrögðum.“

Og í ritgerðinni „Enn um erfiðleika sannleikans“ segir meðal annars á þessa leið:

„ . . . Ein af allramerkilegustu spám, sem fram hafa komið, er þá líka á þá leið, að takast muni að sætta vísindi og trúarbrögð, með þeim afleiðingum, að ráðið verði fram úr vandræðum mannkynsins, og slík farsældaröld hafin, að aldrei hafi verið önnur eins, eða neitt líkt því. Og vitanlega þýða þessar sættir vísinda og trúarbragða ekki það, að vísindin muni samþykk verða öllum átrúnaði; né heldur á hinn veginn, að trúarbrögðin muni alveg leggja árar í bát gagnvart hinum tómfræðilegu vísindum, heldur að miklar breyttingar og umbætur muni verða til beggja handa, uns fullu samræmi

verður komið á. En aðalatriðið í þessum efnum verður þó vitanlega hin ví sindalega vitneskja um það, að lífið heldur áfram, og að vísu ekki á óskiljanlegan hátt í óskiljanlegum andaheimi, heldur sem líkamlegt, jarðneskt líf, er þó á að stefna og getur stefnt til guðlegrar fullkomnumar.“

Helgi Guðlaugsson.

AURVANDILL HINN FRÆKNI

Örvandill jötunn (sbr. kvæðið Stjarna heiti norræn, sjá bls. 99) hinn frækni, sem Gróa læknir átti, sú sem átti að græða Ása-Pór, heitir öðru nafni Aurvandill, og hygg ég að sú mynd nafnsins sé réttari. Hljóðsamböndin Au og Ö greinast ekki mjög glögglega að í fornritum, og er algengt að stafsetning sé á reiki hvað þau snertir. *Aur* þýðir í fornu máli birta, sbr. orð Alvíssmála um nöfn jarðarinnar undir fótum manna í hinum ýmsu heimum:

kalla *aur* uppregin

Hjá hinum æðstu guðum er jafnvel steinaríkið logandi af lífmagni. Og í Völuspá segir svo:

Ask veit ek standa
heitir Yggdrasill
hár baðmur ausinn
hvíta-auri.

Parna segir að askurinn, tré lífsins sem grær í hinum ýmsu heimum sé baðaður hvíta-auri, það er lífbjarmanum, sem skyggnir menn sjá og Kírlan tæknin hefur leitt í ljós.

Úlfur *aurgoði*, sá sem Sæmundur fróði og Oddaverjar voru frá komnir, þýðir hinn skínandi goði, lífmagnaður mjög og bjartur, tilraun til sambands milli guða og manna. Aurvandill hefur verið einn þeirra sem í slíka átt stefndu, og það þótt jötnakyns væri. Vandill þýðir: sá sem hreyfist eða ferðast, sbr. vandre á dönsku og wander á ensku. Aurvandill er sá sem fer sína leið með skini því, sem frá honum stafar, og getur það hvort sem er átt við stjörnumerkir fagra á suðurhimni, sem menn kalla Oríon eða við hinn lýsandi jötun, sem sögnin greinir frá.

Porsteinn Guðjónsson.

SÁLMABÓKIN

I.

Kona nokkur sagði mér frá eftirfarandi atburði á þessa leið:

„Ég átti litla sálmabók, sem ég hafði lengi geymt á ákveðnum stað í bókaskáp mínum. Nú gerðist það, að drengurinn minn, 10 ára, átti að fara að læra sálma í skólanum. Ég gekk því að skápnun og ætlaði að taka fram bókina, en brá þá heldur en ekki í brún, því hún var þar ekki. Ég hafði ekki litið í hana lengi, og taldi alveg víst, að enginn hefði tekið hana. Og hvernig sem ég leitaði, þá fann ég hana ekki. — Við keyptum svo nýja bók handa drengnum. — En oft varð mér hugsað til týndu bókarinnar, og skildi ekkert í hvarfi hennar. — Svo liðu mörg ár, ég held helst sjö ár. Og eitt sinn sem oftar, er ég stóð fyrir framan bókaskápinn, sé ég mér til mikillar furðu, að þarna er komin sálmabókin týnda. Hún er þarna á sínum gamla stað. Ég get ekki lýst undrun minni. Ég er viss um að bókin hafði ekki verið þarna árum saman, svo oft hafði ég handleikið og horft á þessar bækur. En nú var hún allt í einu komin á sinn gamla stað. Petta er meira en ég fæ skilið.“

II.

Atburðir sem þessi eru meðal þeirra fyrirburða, sem eru talsvert algengir. Hlutir hverfa óvænt, og óvænt skila þeir sér aftur, eftir lengri eða skemmtíma, oftast á sama stað, sem þeir áður höfðu verið, þó ekki alltaf.

Erfitt er að útskýra slíka atburði á annan hátt, en að hlutirnir afefnist um stundarsakir, en efnist svo aftur síðar og komi fram á sama stað.

Áður fyrr var huldufólk oft kennt um hvarf hluta. E. t. v. er meira hæft í þeirri skoðun, en virðast mætti í fljótu bragði. Huldufólk mun vera sambandsþjóð okkar á öðrum hnetti, og mætti þá hugsa sér, að fyrir einhver sérstök skilyrði, geti hlutir horfið hér, en komið fram hjá þessu sambandsfólkni okkar, og jafnvel stundum orðið því til einhverra nota, meðan hluturinn helst hjá því. Aflsvæði þess staðar mun þá vera svo sterkt, að hluturinn getur haldist þar lengur eða skemur, þar til aftur slaknar á aflinu, og hluturinn afefnast þar aftur og hverfur á ný til þess staðar, jarðarinnar, og þess fólks sem hann áður tilheyrði.

Ingvar Agnarsson.

Ljóð

ÚR BRÉFUM TIL HAUKS

I.

— — —
Flæðir áfram starfastraumur óður.
Stery mi lífsins dafnar ei í heimi.
Keppa vill þar hver að sínu happi,
hreppa fáir lán, því takmörk kreppa.
Trylltan flestir vind og ekkert elta,
ævistundir þar til dauðinn svæfir.

— — —
Gnæfa sé ég ölduflaumi ofar
öllum fjallatinda krýnda mjöllu,
stöðu eiga bak við byggðahæðir,
byrgðir því þeim næstu og lítilsvirðir.
Minnisgeislagit sést þar nú brenna.
Gloðir andans þessa tinda hlóðu.

— — —
Margir áður gengnir greiddu veginn
garpinum, sem hlýtur frægðarsveiginn.
Það er eins og að hans töfranafni
ótal stjörnur geislamagni safni.
Eru drög að einum stórum vinning
athafnir, sem geymast lítt í minning.
Afarmenni álízt sá og gnæfir,
atvikanna brennipunkt sem hæfir.

II.

— — —
Dvelur milli svefns og vöku sál míن,
sjónum rennir út að djúpalóni,
leitar þar í sandi að sannleiksbrotom,
sundfær lítt hún þröngrí strönd er bundin.

Vindar leiða báruhópar blindir,
breyta áttum, hringdans stöðugt þreyta.
Stefnur allar brotna í banahöfnum.
Beljar sérhvert fljót að ósi heljar.
Hyggur hver síns flokksstraums þyt ei þaggast.
Pröngsýnn verður kappgjarns hugur löngum.
Úfið vatnsborð augum botninn grefur.
Athafnanna flaumur djúpsýn glatar.
Frelnisoldur falskar skapa helsi.
Fjötrar vanans eru reynslutötrar.
Valdið eigin vinningar oft felldu.
Vörn er jafnan blind hjá kraftahrörnun.
Afleiðingin orsökina hæfir.

Oftökunum fylgir slit og dofi.
Hlutdrægninni heimskra dómar lúta.
Hrópa oft að vitrum manni glópar.
Andleysið er æ á tízkubandi.
Undirhyggja er sínum tíma bundin.
Gæfumaður, sá er sífellt hæfir
sinni tið, oft þræðir lífsins gryning.

Aumust sál er ei á sínum tíma
ævinlega smáðust. Stundum kæfir
vísdómsneistann virðingin og hrósið.
Vinningarnir heimskra sálir grynta.
Víðsýnn leitar vits í allri skoðun.
Vilji síngjarns reynir fátt að skilja.
Nízkan er oft naumheppin að fiska.
Nærri skynjar sjónin ei hið stærra.
Lastmálugur lýsir eigin brestum.
Leynir enginn hug, sem kastar steini.
Samræmið er sigurvætta draumur.
Sannleikurinn alla vegi kannar.
Fegurðin er ylur andans loga,
yfirsvipur vitsins, sem æ lifir.
Hlýr í eðli er hann, sem djarfasteið þorir.
Háir stríð sitt frjáls, sem engan smáir.
Hæðinn skortir hug til stærstu dáða.
Hótfyndinn í veg sinn kastar grjóti.

Hópmennskan hvers glatar sál og svipi.
Sérkennist með þroska hver ein vera.

Hug minn til sín himinsærinn dregur.
Hjúpar engin blekking kyrra djúpið,
þegar dagsins leiktjöld lyftast. Augum
ljómar eilífð skreytt með himinblómum.
Geislalim um geiminn allan hríslast.
— Gleymi ég tíma og stað. Mig fer að dreyma.
Engin takmörk framar fjötra og þrengja.
Fley er örsmátt tilveran á legi.
Utanborðs er enga strönd að líta,
áfram þó er stefnt í víða bláinn.
Tíminn hvorki er hreyfing eða straumur,
hrærist ei, þótt magnsins oldur bærist.
Græðisdjúp er kyrrt, þótt skipin skrifði.
Skapast hvergi nýtt, fyrist ekkert tapast?
Hættir kraftur enginn andardrætti.
Aldan deyr og lyftir nýjum faldi.
Aflið sömu efni sífellt heflar
eitt og samt í myndir ótalbreyttar.

Mér í huga bylgjast bjarmar skærir:
Breyting hver er samræmis að leita.
Tilgangslaus er engin hreyfing alin.
Elda lífsins kyndir þrotlaust veldi.
Endalaust skal stefnt til styrks og yndis
stærri sigra, vits og þroska hærri.

*Porsteinn Jónsson
á Úlfssstöðum.*

Draumar

Græna bókin — Draumur

I.

Mig dreymdi að ég var staddur úti á hlaði. Petta var um miðja nótt í glampandi tunglskini. Ég gerði mér ekki fyllilega ljóst hvers vegna ég var allt í einu kominn út, en fannst að ég yrði að huga að einhverju. Taldi ég sennilegast að eitthvað hafði orðið að skepnum.

Par sem ég stóð á hlaðinu varð ég var við flugvél, sem sveif kyrr lágt á lofti skammt framan við bæinn. Hún var grá og það glampaði fallega á hana í tunglskininu. Ég taldi að þarna væri Concorde-þota á ferð, en ég fékk þó ekki skýra mynd af vélinni, enda taldi ég að ferðir hennar kæmu mér ekki neitt við.

Ég fór og athugaði hvort ekki væri allt í lagi með skepnurnar, en varð ekki var við neitt athugavert. En þegar ég lagði af stað heim frá fjárhúsi, sem er skammt vestan við bæinn, veitti ég því athygli að flugvélin sveif enn yfir mér algerlega hljóðlaust. Ég fór þá að efast um að þetta væri Concorde-þota, en fannst að þarna væri fremur á ferð geimskip frá öðrum hnetti, og mennirnir innanborðs ættu erindi við mig. Ég gaf þessu ekki meiri gaum í bili og hélt heim á leið. Ég hafði ekki gengið langt þegar skær ljósgeisli lýsti skyndilega upp lítinn blett í snjóskafli rétt fyrir framan mig. Ég leit upp og sá að ljósið stafaði frá geimskipinu, sem var enn yfir mér, og í ljósgeislanum sveif niður til míni gríðarlega þykk og mikil græn bók. Hún gæti hafa verið um það bil 30x40 cm um sig og 6—7 cm þykk. Bókin var ákaflega falleg að öllu leyti, en sérstaklega veitti ég því athygli hve myndirnar voru fagrar.

Þegar ég byrjaði að skoða bókina brá svo undarlega við að ég fór að skynja til mannanna í geimskipinu. Ég fann að það var einungis með þeirra hjálp að ég gat skilið málið á bókinni, sem mér fannst vera einhvers konar forn enska. Það var einkennilegt að lesa á þennan hátt. Mér fannst ég gerþekkja tungumálið á meðan ég las hiklaust, en þegar ég ætlaði að rifja upp merkingu orða, sem ég var nýbúinn að lesa, voru þau orðin mér gersamlega óskiljanleg.

Styrktist sambandið nú óðfluga, sérstaklega eftir að ég kom

heim og fór að skoða bókina betur. Pegar ég horfði á myndirnar fór ég að verða var við að ég skynjaði til hnattarins, sem menn-irnir voru frá. Ég skynjaði staðina sem myndirnar voru af og mannlífið þar. Ég á ekki gott með að muna hvað ég sá, nema að ég sá fólk við lítinn læk, sem rann um grænar grundir. En eitt er víst, að mannlífið var ákaflega fallegt þar, og bar af öllu sem ég hef séð fyrr eða síðar.

Ég var himinlifandi yfir að hafa eignast þessa bók, en á það skyggði þó, að ég fékk mjög sterkt hugboð um að einhverjir miður vel innrættir menn fengju veður af þessari bók og tækju fyrir að reyna að stela henni. Það mundu þeir ekki gera til þess að eignast hana, heldur til þess að eyðileggja hana.

Ég taldi því að ég yrði að gæta bókarinnar mjög vel.

Til að byrja með voru nokkrar rangþýðingar í draumnum og var það aðallega sú hugmynd míni að loftfarið væri Concorde. Að vísu fannst mér það ekki líta svo ósvipað út, enda var það þríhyrningslaga með trjónu fram úr. En það sem aðallega skildi á milli var, að Concorde getur ekki svifið hljóðlaust og án þess að færast úr stað.

Það sem mér finnst vera merkilegast við þennan draum er að ég fékk samband við two hnerti samtímis. Í þessu tilviki var draumgjafi minn milliliður, sem gerði mér fært að skynja til mun fugurri hnattar. Hins vegar er hugsanlegt að þegar sambandið varð skýrast við þann hnött, hafi ég fengið beint samband við hann.

Ég geri ráð fyrir að á þessari stundu hafi mjög merkur atburður átt sér stað á þessum hnetti með tilkomu þessa mikla fræðirits. Það er hins vegar vonandi, að draumgjafa mínum hafi tekist að varðveita bókina.

Páll Steinarsson, Hlíð.

Lá við slysi. — Draumur

I.

Ég lagði mig smástund í kvöld (13/9 1980) og mér rann í brjóst undireins.

Ég þóttist aka bíl eftir allbreiðum malbikuðum vegi uppi í sveit. Mjög var bjart yfir öllu. Allt í einu kom stúlka hlaupandi frá vinstri,

spölkorn framundan. Ég sá, að hún var ljóshærð, og hún var í ljósgráum jakka. Hún hljóp út á veginn fyrir framan bílinn og virtist enga athygli veita honum. Ég hemlaði samstundis til að reyna að koma í veg fyrir slys. Ég heyrði ískrið í hjólunum, er þau drögust eftir götunni. Og í þessu glaðvaknaði ég, og veit því ekki hvernig þessu reiddi af. Ég vona bara, að stúlkan hafi ekki orðið fyrir bílnum.

II.

Því þessi atburður, sem mig dreymdi, hefur áreiðanlega gerst, einhvers staðar, á þessari sömu stundu. Og ég sjálfur á engan þátt í þessum atburði, heldur einhver annar maður, sem hefur verið á ferð eftir góðum vegi, og því ekið heldur greitt. Á þessari örstuttu svefnstund hef ég komist í samband við hann, og það sem hann lífði varð mér draumur. Og ég hitti einmitt á stund, sem hefði getað orðið honum eftirminnileg eða jafnvel afdrifarík. Vonandi er, að þarna hafi ekki orðið slys.

Ingvar Agnarsson.

(Dreymt 13. sept. 1980).

Draumur um dýr o. fl.

I.

Mig dreymdi í morgun, að ég væri staddur úti í sveit í ókunnu landi. Stóð ég við bakkann á allbreiðu síki, en hinum megin við það var skógor með sverum trjám. Úr nokkurri fjarlægð heyrði ég hávaða, eins og af jarðvinnsluvélum, og þóttist ég vita, að þar væri að verki gestgjafi minn, sem ég byggi nú hjá, á meðan ég dveldi í þessu landi. Ég ákvæð að ganga meðfram síkinu í áttina þangað, sem ég heyrði hávaðann koma frá. Eftir að hafa gengið spölkorn, sá ég hvar afarsvert tré lá á ská niður í síkið hinum megin, og þótti mér gestgjafi minn hafa rutt því þangað. Þvermál þessa trés mun varla hafa verið minna en 2—3 metrar og hæðin var svo sem tíu metrar. Og það var með öllum greinum og öllum rótum. Ég hugsaði með mér: „Þetta tré ætti að vera komið heim í mitt land, þar sem engin tré geta verið. Samlöndum mínum þætti merkilegt að sjá svo stórt tré.“

Er ég kom enn nokkuð lengra, sá ég nýplægða stóra akuruspildu hinum megin síkisins og var stór dráttarvél í gangi á miðjum þess-

um akri, og frá henni barst hávaði. Lá skógvinn alveg fast að akrinum. Þóttist ég vita, að gestgjafi minn, landeigandinn, hefði rutt þarna skógin með stórvíkum vélum, til þess að gera þar akur.

Nú kom þessi maður til míni og stóðum við á síkisbakkanum og ræddum saman. Ég renndi augum eftir síkinu, og sá hvar eitthvert dýr var þar að svamla, innan um gróður og rotnandi trjáleifar. Þetta dýr var brúnt á lit með grönum hornum upp úr höfðinu, og mér þótti þetta vera hjörtur. Pað óð þarna fram og aftur um stund, en hvarf svo á bak við einhvern gróður.

Að nokkurri stundu liðinni kom annað dýr. Pað var grátt og loðið og mjög stórt, stærra eða að minnsta kosti lengra en fullvaxið naut. Pað óð eða hálfssynti í átt til okkar og vatnið náði hátt upp á síður þess. Upp úr höfðinu voru tvö stutt horn, breið og smágreinótt. Ég þóttist spyrja: „Er þetta elgur?“ „Já, þetta er elgur,“ svaraði maðurinn.

Enn um stund horfði ég á dýrið og fannst mikið til um stærð þess og allt útlit. Þóttist ég aldrei hafa séð svona dýr fyrr, og að ekki væri það til í heimalandi mínu.

Endar hér draumur.

II.

Í þessum draumi er um að ræða dýr, sem ég hef aldrei séð, en líkjast að nokkru dýrum, sem ég hef séð á myndum og lesið um. Og skógvinn er hér þéttur og trén stórvaxin og akur er brúnn á lit og nýplægður. Allt er þetta líkt því, sem verið gæti í einhverju landi á okkar jörð. Draumgjafinn gæti því verið einhver íbúi jarðar okkar, þótt svo þurfi ekki endilega að vera. Því sums staðar á öðrum hnöttum munu einnig vera til aðstæður, líkar því sem hér gerist. Og fjarlægðir milli draumgjafa og draumþega munu ekki skipta máli. Því hér er um að ræða sjálfan lífgeislann, tengilið alls sem lifir.

Stillíahrif frá samferðafólki hafa stundum áhrif á drauma okkar, og ákveða að nokkru drauma og draumasambönd. Suma drauma má rekja til stillíahrifa að meira eða minna leyti.

Í gærkvöld var ég lengi að tala við konur tvær, sem nýkomnar voru frá Júgoslavíu. Lýstu þær með hrifningu, því sem fyrir augu bar í þessu landi: Skógvinn, ökrum, byggingum, fjöllum o. fl. Ekki finnst mér alveg ósennilegt, að til þeirra megi rekja áhrif, sem einhverju hafi valdið um draum minn.

Ingvar Agnarsson.

(Dreymt 27. sept. 1980).

Draumur um illa meðferð á fugli

I.

Mér þótti ég koma á einhverskonar markað, þar sem matföng voru seld. Sá ég þar á einum stað stóra fugla lifandi, er voru líkir gæsum að útliti. Sagði ég afgreiðslukonu, er þarna var, að ég vildi kaupa einn þeirra. Náði hún sér í kassa, fremur lítinn, til að búa þar um fuglinn, en í ljós kom að hann var heldur lítill og lágor, því fuglinn vildi standa. Gerði þá konan sér lítið fyrir og tvíbraut annan fótlegg fuglsins, svo að minna færir fyrir honum, og bjóst undireins til að gera hinum fætinum sömu skil. Mér ofbauð þetta tilfinningaleysi gagnvart lifandi dýrinu, og kom í veg fyrir frekari aðgerðir konunnar, en hún virtist verða hálfhissa á þessari afskiptasemi minni, þar sem fuglinn var aðeins ætlaður til matar hvort sem var. Ég sagði henni, að ef ég ætti að kaupa fuglinn, yrði hún að binda um fótinn, sem hún hafði brotið, svo að hann gæti gróið. Tók hún þá einhverskonar bindi og vafði um fótinn. Kvað hún þetta mundi gróa mjög fljótt. Tók ég svo fuglinn og hélt af stað með hann heimleiðis.

II.

Aðfarir sölukonunnar í draumi þessum minna nokkuð á illa meðferð, sem matfuglar verða að sæta, sumstaðar á mörkuðum í Suðurlöndum, að sögn þeirra er séð hafa. Eru þeir nánast með-höndlaðir sem dauðir hlutir væru, vegna þess, að selja á þá til matar hvort sem er, og eru því beittir mesta miskunnarleysi af hendi seljenda og kaupenda. Harðýðgi gagnvart dýrum er þar víða ráðandi, og dýravernd óþekkt.

Ingvar Agnarsson.

(Dreymt 1. janúar 1978).

Draumur, þar sem síðari heimsstyrjöldin var sögð fyrir

Það var 7 árum fyrir síðari heimsstyrjöldina að mig dreymdi þennan draum. Kvöldið áður vorum við mamma gestkomandi á

bæ einum í Nesjasveit, hjá Bjarna Bjarnasyni, bónda á Brekkubæ og konu hans. Tveir aðrir gestir voru þar líka. Margt var skrafað eins og gjörist, því Bjarni og þau hjón voru mjög skemmtileg og fróðleiksfús. Að síðustu barst talið að heimsmálum yfirleitt, og að fyrri heimsstyrjöld. Sagði Bjarni að menningin væri nú komin á svo hátt stig, að áreiðanlega yrðu ekki fleiri svo stórkostlegar styrjaldir. Annar gesturinn, sem var karlmaður, mjög skýr maður, var á sama máli og Bjarni, en við módir míni vorum á öðru máli, og eins konan, hinn gesturinn, sem er stórgreind kona. Man ég að mamma sagði að styrjaldir hefðu alltaf fylgt mönnunum frá öröfi alda, og myndi svo verða alla tíð. Bjarni bar á móti því, og sagði að Þjóðverjar myndu þó aldrei leggja út í styrjöld aftur. Það skyldi þó vera að það yrðu þó einmitt þeir sem byrjuðu aftur, sagði módir míni, hvort sem hún hefur þá fengið svo sterkt hugboð. Um það veit ég ekki. Féll svo þetta tal niður. Skömmu síðar fórum við mamma svo heim og gæti ég svarið, að ég var alls ekki að hugsa um þetta tal okkar, þegar ég sofnaði, en um nöttina dreymdi mig þennan draum.

Ég þóttist vera stödd á einhverjum stað, helzt í fjarlægu landi, fannst helzt að það væri í Pýzkalandi, vissi það þó ekki fyrir víst. Ég var ein á gangi eftir breiðum og góðum vegi. Í fjarska voru skógi vaxin fjöll, til vinstri handar, en á hægri hönd var slétt land, en mjög fallegt og blómskrýtt, og mjög langt í burtu, að mér fannst, bликаðи á stórt fljót. Ekkert vissi ég hvert ég ætlaði að fara, eða í hvaða tilgangi, en mér þótti samt hálf óviðkunnanlegt að vera þarna alein, og sjá ekki nokkurn mann. Þá sé ég að á móti mér, eftir veginum, kemur einn maður og varð ég því fegin. Von bráðar er hann kominn til míni, og stanzar hjá mér. Hann segir við mig: „Þið voruð að tala um styrjaldir, þarna á Brekkubæ í gærkvöldi, og að aldrei framar myndi koma önnur heimsstyrjöld.“ Ég vil taka það fram, að þó ég taki svona til orða, að við höfum talast við, þá fannst mér hvorugt okkar segja nokkurt orð, heldur, ef svo mætti að orði komast, að við hugsuðumst á, skildum hugsanir hvors annars án orða. Ég þykist spyra manninn að heiti, og svarar hann þá: „Bismark heiti ég, og ég var kallaður járnkanslarinn, en þó ég væri óvæginn og grimmur, átti ég þó til mannlegar tilfinningar, en slíkt verður ekki sagt um þá, sem koma af stað næstu heimsstyrjöld, og því miður verður það míni þjóð sem byrjar.“ „Hvernig veistu þetta og hvað verður langt þar til ný heimsstyrjöld brýst út?“ Þá þykir mér hann svara: „Við fylgjumst með öllu sem gjörist á jörðinni,

þó við séum það sem þið kallið dánir. Og ég get sagt þér það, að það líða rétt 20 ár á milli styrjaldanna.“ Fannst mér þá tár hrjóta af augum hans, og ég vaknaði.

Síðar þennan sama dag kom Bjarni á Brekkubæ til okkar. Vildi þá mamma endilega, að ég segði honum drauminn, og gerði ég það. Skrifaldi hann drauminn, og þótti hann merkilegur, þótt hann reyndar tryði því ekki að þetta rættist. En ég er þess fullviss, að hann á þetta ennþá í fórum sínum.

*Sigurlaug Guðmundsdóttir, Hornafirði.
(Dreymt árið 1932).*

Einkennilegt fjall á annarri stjörnu — Draumur

Ég þóttist vera stödd á hnerti einhvers staðar úti í geimnum, en hvort sá hnöttur var í okkar sólkerfi vissi ég ekki. Hjá mér stóð maður, sem ég vissi að átti heima á þessum hnerti, og vorum við að tala um hvað mikil náttúrufegurð væri þarna. Við vorum á sléttu, allri skráyddri blómum og ólýsanlega fögrum trjágróðri. Fjöll voru á aðra hönd, og voru þau mjög kynleg útlits, en fögur. Fjöllin voru afarhá, og öll með stöllum, eða eins og hvert fjallið væri ofan á öðru. Taldi ég sjö stalla á því fjalli, sem næst var, neðsti stallurinn var breiðastur og gekk lengst fram, mjókkuð svo efst, þó voru þeir allir nokkuð breiðir að sjá og sléttir. Allir vaxnir undurfögrum blómum og trjám. Sagði maðurinn, að þarna væru ræktuð bæði blóm og matjurtir, og skógum upp um öll fjöll. Ég þóttist spyrja, hvort ekki væri erfitt að komast upp um þessi háu fjöll. „Nei,“ sagði hann, „hér er þyngdarlögmálið ekki til trafala. Hér hafa menn komist upp á að upphefja þyngdarlögmálið, og geta menn svifið í lausu lofti ef þeir vilja, og er það mikið notað hér.“ „Hver ertu?“ þykist ég spyrja, „eða hefurðu aldrei átt heima á jörðinni?“ „Jú,“ segir hann. „Ég er höfundur Njálu.“ Og við það vaknaði ég. Petta er í annað sinn, er mig hefur dreymt, að ég væri komin til annarra hnatta.

Sigurlaug Guðmundsdóttir, Hornafirði.

Sambandsfundir

Fyrir miðilsmunn

27. Alltaf er hugurinn Íslandi tengdur á einhvern hátt og alltaf fylgist ég með hér meira og minna mínum börnum á jörðinni og mörgum Íslendingum, er ég vil fylgjast með. Og ekki er það neitt undarlegt í sjálfu sér þó ekki sé laust við löngun til að spjalla við ýmsa sem á Íslandi nú eru ráðamenn. Ekki veit ég, hvort hægt væri að hafa mikil áhrif þó unnt væri að hafa tal af þeim sumum. Ég tel þó þörf á einmitt breytingum á stjórn landsmálanna ýmsra og okkur hér finnst lítið reyndar nýjar leiðir. Það hjakkar í sama gamla farinu. Allt of lítið er um nýjar ferskar hugmyndir. Margir tregir að hugsa djarft og stórt. Það gerði nú sá mikli snillingur, Helgi Pjeturss, framar öðrum á sinni tíð og hafði þar vísindi að mæla, er hann sagði þjóð sinni, að lífið væri alheimskraftur. Stjörnusamband hélt hann fram að ætti sér stað í líffræðilegum skilningi einnig. Það er þetta, sem ég nú í þetta sinn vildi benda ýmsum á Íslandi á að taka til greina þessar hugmyndir Helga Pjeturss í líffræði.

Nú er gaman að geta glímt á annarri jörð við gátur og garpa. Verið sæl.

(Helgi Hjörvar) 28. 7. '80.

28. Ef það yrði þorra manna veruleiki, ekki hugarburður, að lifað er á öðrum hnöttum og að hafa má lífgeislasamband þangað, það myndi greiða fyrir góðum krafti.

2. 6. '80.

29. Mennirnir hafa týnt niður einu skilningarárviti, fjarsýni.

2. 6. '80.

Blöðstremið í líkamanum samstillist blöðstremi sambandsverunnar. Samstilling hjartnanna hnatta á milli, þannig að það verður sama hjartað í báðum. Það þarf svo að vera, að sambandið komist á þó stig milli manns og guðs.

9. 6. '80.

31. Á fjölda hnatta hafa fornmenn náð feikilegum mætti og þroska. Og verður vonandi hægt að veita jarðarbúum lið frá þeim hnöttum svo dugi. Nú hafa Íslendingar einir norrænna þjóða varðveitt norræna málid, íslenskuna. Það gefur þeim meiri möguleika en öðrum norrænum þjóðum að þiggja kraftinn og snilldina frá fornmönnunum.

(Hákon Hlaðajarl) 18. 8. '80.

32. En þó að ég birtist hér, sem er nú ekki skilyrði til að vísu ennþá. En þó kynni þar að koma, að þetta yrði mögulegt að einhverju leyti að líkamnast meðal ykkar. Og þá þyrfti að verða hægt að tala skynsamlega um áríðandi málefni. Jafnframt því sem leitast yrði við að magna hóp þann, er hafi líkamninga skilyrði. Einnig þyrfti þá að verða hægt að skilja eftir til sanninda hluti úr öðru sólhverfi. Einnig þyrfti að verða hægt að magna upp stað þann, sem heimsóknin beindist að. Þannig að framhald gæti orðið á þeim.

1. 9. '80.

Miðill: Eggert Loftsson.

33. Jörðin er svo lítil, að hún er ekki stærri heldur en vitkjarninn úr, ef það væri hægt að komast svoleiðis að orði, vitkjarninn úr hverju blóðkorni í manninum. Hún er ekki stærri í alheiminum en vitkjarninn úr einu blóðkorni, sem fer kannski dautt við hvern andardrátt.

(Björn Gunnlaugsson) 8. 10. '79.

34. Krafturinn verður mikið meiri eftir því sem allt smækkar. Allt er orðið minna en frumeindir. Það á að vera mikið, mikið minna en frumeindir. Það á að vera svo lítið, að það geti farið með lífgeislann í önnur sólhverfi.

(Björn Gunnlaugsson) 8. 10. '79.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

35. Hver hnöttur hefur sitt hlutverk í Vetrarbrautinni og má enginn þar undan víkja að taka þátt í samstarfi heildarinnar. Það er leiðin til sigurs á öllum erfiðleikum heildarinnar, Vetrarbrautinni. Hver minnsti hluti Vetrarbrautarinnar er tengdu heildinni.

21. 4. '80.

36. Það er sönn ánægja, að mega heilsa ykkur á Íslandi þannig að skiljist. Færí betur að á ykkar jörð yrði skilningur meiri á eðli lífsins og tilgangi og meira um rétta þekkingu á undirstöðulögumálum tilverunnar. Peir sem hafa samband hnatta á milli á ykkar jörð eru alltof fáir. En þó eins og einhver vaxandi tilhneicing meðal jarðarbúa að horfa til stjarnanna og hugsanlegra íbúa þeirra og sambands við þá. Það eru lífeðlisleg lögumál sem ráða athöfnum og hugsunum manna í ótrúlega miklum mæli. Ei ég hér í framlífinu sannfærður um það, að það sé undir einstaklingunum mjög komið, hvað ofan á verður. Ekki er auðvelt að hafa yfirsýn yfir óendanlega fjölbreytni hugsunar. Fyrir einstaklinginn er það mikil nauðsyn að hafa yfirsýn yfir hverskonar hugsanabrautir og þannig getur hann greint þar sundur hina ýmsu þætti. Beint þeim í betri farvegi með skilningi á undirstöðulögumálum. Vantar mikið á sem ég vil segja nógu skýrt. Jæja, ég ætla nú ekki að vera langorður. En að lokum vil ég óska Íslandi, að þið megið eflast á framfarabraut. Geta látið að ykkur kveða sem víðast um jörð.

(Bertrand Russel) 31. 3. '80.

37. Spurning: Er lífgeislinn bylgjuhreyfing? Svar: Nei.

22. 10. '79.

38. Spurning: Ís-Ra-El er heiti á þrem guðum. Er Ís í Ísrael sama og Ás í Ásatrú? Svar: Já.

16. 4. '79.

39. Hver einstaklingur er tilraun til að skapa guðlega veru úr efnunum hvers hnattar.

2. 6. '80.

40. Öll tilveran byggist á sambandi lifendanna á milli og án skilnings á þessu sambandi nær lífið ekki þroska. Það er hinn stærsti þekkingarauki, þegar þetta er uppgötvað. Þá miklast hið mikla samband.

8. 9. '80.

41. Pið þurfið fræðslu, framlífsfræðslu, örugga fræðslu. Það gæti gert kraftaverk. Hugmyndirnar skýrðust. Á frumlífshnetti ykkar þar eru menn ófróðir í raun og veru í undirstöðu atriðum um líf-

fræðileg efni ennþá. Ég tel skipta miklu málí að réttar hugmyndir ryðji sér til rúms í framlífsfræðinnoi ekki hvað síst.

22. 9. '80.

42. Sælir. Heill ykkar. Nú eru þeir margir sem muna Þórberg enn, rithöfund og spíritista og svo sem ýmislegt fleira. En spíritisti er maður nú ekki í framlífinu, heimspekingur meiri en var á jörðinni orðinn.

(Þórbergur Þórðarson) 25. 8. '80.

43. Hluti óendanlegrar tilveru er hvert blóðkorn.

(Pórarinn Helgason) 22. 9. '80.

44. En minningarnar er það sem þroskinn byggist á.

(Pórarinn Helgason) 22. 9. '80.

45. Ég er farinn að stunda vísindarannsóknir. Það er ástríða og eðlistilhneiging sem því veldur.

(Pórarinn Helgason) 22. 9. '80.

46. Ég vona að sú samstilling sem brýnasta þörf er á geti skapast, hugarfari fjöldans göfgist, víðsýni vaxi og skilningur á eðli tilverunnar, þá mun bjartara verða framundan .

(Óþekktur ísl. maður) 22. 9. '80.

47. En erfiðleikar eru á hugmyndaflutningi til jarðarinnar fyrr en þar er betur og réttar stefnt.

(Óþekktur ísl. maður) 22. 9. '80.

48. Orkan fer hnatta á milli til skyldra afslvæða.

(Runólfur) 29. 9. '80.

49. En það sem ég er að vona verði hægt að greiða fyrir mál-efninu er með því að tengja afslvæði jarðar ykkar okkar afslvæði hér á þann hátt, að fyrirbrigði næðu tökum á lífafslvæðinu. Það eru heimsóknir, sem ég hefi hér í huga, frá mínum hnetti. Hér er fjöldi vísindamanna er undirbúa tilraunir í þessu skyni. Á fundum þessara vísindamanna hafa þeir lagt á ráðin og er þetta ekki mitt meðfæri að ræða þetta vísindalega.

(Óþekktur maður) 18. 8. '80.

50. Sambandstaugar beinast til ykkar.
8. 9. '80.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

51. Vélarnar eyða orku í stað þess að færa hana.
(Bjarni Sæmundsson) 2. 6. '80.

52. Heimsókn í framtíðinni mun að engu leyti verða neinum kvið-vænleg.

1. 9. '80.

53. Þórhlíður. Komið sael. Það eru fjölmargar konur hérna. Stórkostleg orka. Það eru mörg hundruð konur hérna á hnattferðalagi í öðru sólhverfi í heimsókn. Hamfarahópur.

Bjart er um að litast hér, þar sem við erum staddir. Mjög björt sólin hérna, svo með ólíkindum er, má segja. Það er meir en ein sól reyndar. Stórkostlega fagurt um loft að líta. Himinhvolfið er óumræðilega fagurt. Prjár sólir og þær hinar fegurstu. Í mannfélagi því sem hér er, þá er orkan óumræðilega öflug og viljum við greiða fyrir aflstraumum til ykkar. Verið sael.

(Þórhlíður) 8. 9. '80.

54. Hún talar tungum hérna. Miðillinn hérna meðal okkar talar tungum.

Hvert fáið þið þá sambönd?

Við ótal hnetti.

Færðu þá ekki íslensk sambönd mikið?

Jú, ljómandi fallegar hendingar sem talast. Miðillinn er gæddur geyssilegum hæfileikum. Hún ætlar að láta í sér heyra þessi íslenska völva.

8. 9. '80.

55. Ekki er nú vanþörf á leiðsögn og hjálp lengra kominna íbúa annarra hnatta mannkyni jarðarinnar svo illa sem það horfir víða. Pegar heimsóknir hefjast, slíkar sem nauðsynlegar eru, líður ekki á löngu áður en glæpum og slysum yrði útrýmt og hverskonar mannvonsku og heimsku og því sem af slíku leiðir.

21. 7. '80.

Gunnar Hjörvar
(ritaði eftir segulbandi).

BÆKUR OG TÍMARIT

DRAUMAR OG SVEFN, eftir Þorstein Jónsson á Úlfsstöðum.
Útg. 1975. 84 síður. Verð kr. 1200.

TIL ÞÍN. Ljóðabók eftir Þorstein Jónsson, 136 s. Verð kr. 3000.

GUÐIRNIR Á SÍRÍUSI. Vitranasaga eftir K. O. Schmidt, í þýðingu Þorsteins Guðjónssonar. Útg. 1978. 98 síður. Verð kr. 2500.

LÍF ER Á ÖÐRUM STJÖRNUM, eftir Þorstein Guðjónsson. Útg. 1973. Kenning Dr. Helga Pjeturss í ljósi nýrra staðreynda. 70 s. Verð kr. 1000.

ASTROBIOLOGY, The Science of the Universe, eftir Þorstein Guðjónsson. Útg. 1976. 208 síður. Verð kr. 3000.

MÁLPING ÍSLENDINGA, um fyrsta heimspekinginn og framhald lífsins, eftir Þorstein Guðjónsson. Útg. 1979. 208 síður. Áskriftarverð kr. 6500 í bandi, í pappírskilju kr. 5000.

Til sölu er einnig:

LEBENSMEISTERUNG DURCH PSYCHODYNAMIK — bók um það að ná tökum á lífsaflí sínu, sjálfum sér og öðrum til framfara. Bókin er á þýzku máli, og er eftir A. R. Walther, arftaka K. O. Schmidts, sem heldur áfram verki hans að honum látnum. Frá forlagi AT í Sviss. Verð 27.00 svissneskir frankar, sem umreiðast í krónur á söludegi.

NEUES DENKEN, tímarit, sem er tengiliður hreyfingar um málefni K. O. Schmidts í Pýzkalandi og víðar. Ársáskrift DM 24.00. Ritstjóri A. R. Walther.

Pöntunum um ofanskráð rit veitt viðtaka í s. 41006 eða í *Pósthólf* 722, *Reykjavík*.

FÉLAG NÝALSSINNA, Pósthólf 1159, Rvík, sími 40765.

LÍFGEISLAÚTGÁFAN, Pósthólf 722, Rvík, sími 41006.

Lífgeislar

Útgáfandi: FÉLAG NÝALSSINNA
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík
Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT:

ERINDI OG GREINAR:

Kvasarvetrarbrautir (Sjá forsíðumynd). I. A.	— 110
Fögur sýn — geislandi vera. Sigrún Jónsdóttir	— 118
Sigur hins góða. Pb. J.	— 119
Vegur þekkingarinnar. Helgi Guðlaugsson	— 120
Aurvandill hinn frækni. Þorsteinn Guðjónsson	— 126
Sálmbókin. I. A.	— 127

LJÓÐ:

Úr bréfum til Hauks. Þorsteinn Jónsson	— 128
--	-------

DRAUMAR:

Græna bókin — Draumur. Páll Steinarsson	— 131
Lá við slysi. I. A.	— 132
Draumur um dýr o. fl. I. A.	— 133
Draumur um illa meðferð á fugli. I. A.	— 135
Draumur, þar sem síðari heimsstyrjöldin var sögð fyrir Sigurlaug Guðmundsdóttir	— 135
Einkennilegt fjall á annarri stjörnu. — Draumur. Sigurlaug Guðmundsdóttir	— 137

SAMBANDSFUNDIR:

Fyrir miðilmunn. Gunnar Hjörvar ritaði	— 138
--	-------